

Nd. 360. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 76 28. desember 1983, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1984“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A thugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Með lögum nr. 98/1982 var heimild til gjaldtöku þessarar framlengd til ársloka 1983 og með lögum nr. 76/1983 var heimildin enn framlengd til ársloka 1984. Forsendur fyrir gjaldtökunni hafa ekki breyst og þykir nú eigi fært að fella gjaldið niður um n. k. áramót.

Heildarendurskoðun tollskrárlaga stendur enn yfir, en þar mun m. a. verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari. Því er lagt til með frumvarpi þessu að gjaldtakan verði framlengd til ársloka 1985.